

Nr. 096 / 16 Helga María AK 16***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1868
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Útgerð: HB Grandi hf
Stærð: 883 brl. 1470 bt.
Mesta lengd: 56,86 m Skráð lengd: 54,4 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Helga María©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. janúar 2016 var Helga María AK 16 á siglingu út af Vestfjörðum. Veður: NA 10-12 m/s.

Vélstjóri var að renna stykki í hnífabrýni úr rústfríu efni í rennibekk þegar spónn náði utan um vísifingur vinstri handar og skar inn í bein. Við skoðun kom í ljós að fremsti liðurinn var úr sambandi þar sem slasaði gat ekki hreyft hann.

Við rannsókn kom fram:

- að engin öryggishlíf var yfir patrónuni líkt og er á nýrri rennibekkjum;
- að spónninn sem myndaðist var mjög beittur þar sem efnið sem var verið að vinna með var rústfrítt;
- að sin í fingrinum skarst í sundur og var slasaði frá vinnu í þrjá mánuði;
- að slasaði var í vettlingum með skinni í lófa og yfir fingrum en spónninn fór í gegnum skinnið.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.